

## Fyrirspurn

til iðnaðar- og viðskiptaráðherra um metanframleiðslu.

Frá Jónönnu Maríu Sigmundsdóttur.

1. Hversu mörg fyrirtæki starfa að framleiðslu metans hér á landi?
2. Hversu margir einstaklingar starfa við metanframleiðslu hér á landi? Hversu margir þeirra búa á lögbýlum?
3. Hvaða lög gilda um framleiðslu metans á lögbýlum?
4. Hvaða gjöld innheimtir ríkið af metanframleiðslu á lögbýlum?
5. Hefur verið mótuð stefna um aukna framleiðslu metans hér á landi og ef svo er, hverjir eru möguleikar lögbýla samkvæmt henni?